

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Skólamerkissjóð Eiðaskóla, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. febrúar 1966.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Skólamerkissjóðs Eiðaskóla.

Skólamerkissjóður Eiðaskóla.

Til sjóðs þessa var fyrst stofnað með upptöku sérstaks merkis fyrir skólann á 75 ára afmæli hans 1958. Merkið teiknaði Þórarinn Þórarinsson, skólustjóri, og var það vígt og helgað á afmælishátíðinni af biskupi landsins, Ásmundi Guðmundssyni, dr. theol., fyrsta skólustjóra Alþýðuskólans á Eiðum.

Merkið er þrjú vængstiliseruð M, hvít á bláum grunni, og standa þau fyrir kjörorð skólans: manntak—mannvit—manngöfgi

Formlega var svo sjóðurinn stofnaður við skólasetningu þann 17. okt. 1965 með 10 000.00 króna framlagi fyrrverandi skólustjórahjóna, Sigrúnar Sigurþórsdóttur og Þórarins Þórarinssonar.

Skipulagsskrá sjóðs þessa skal vera sem hér segir:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólamerkissjóður Eiðaskóla.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a) að efla vöxt og viðgang Eiðaskóla,
- b) að stuðla að alhliða þroska nemenda skólans og starfsmanna hans,
- c) og að glæða fegurðarskyn þeirra.

3. gr.

Sjóðurinn vill vinna að tilgangi sínum með því að:

- a) sýna þakklæti og veita viðurkenningu með skólamerkinu í silfri eða gulli, þeim nemendum og starfsmönnum skólans, eldri og yngri, sem í athöfn, starfi eða lífi sýna inntak kjörorða skólans, manntaks, mannvits og manngöfgi, eða hafa með langri og dyggri þjónustu stuðlað að velgengni hans, svo og öðrum, sem orðið hafa Eiðaskóla að góðu liði.
- b) að afla skólanum hvers konar listaverka, er honum mega verða til fegrunar og prýðis, og þeim, er þeirra njóta, til yndisauka og uppbyggingar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Hagnaður af sölu skólamerkisins.
2. Vextir af stofnframlagi.
3. Gjafir og áheit.

5. gr.

Af öllum tekjum sjóðsins skal einn fjórði hluti leggjast við höfuðstól, sem eigi má skerða, þó má, ef sérstaklega stendur á að dómi sjóðsstjórnar, veita lán úr sjóðnum, enda verði því varið í anda 2. gr. skipulagsskrárinnar.

Lánin endurgreiðast svo fljótt, sem því verður við komið.

6. gr.

Stjórn þessa sjóðs og ákvarðanir um viðurkenningu og listaverkakaup, skal vera í höndum skólastjóra Alþýðuskólans á Eiðum og eins kennara, sem kosinn er í sjóðsstjórnina, ásamt varamanni, á kennarafundi.

Verði ágreiningur innan stjórnarinnar, sker kennarafundur úr.

7. gr.

Skólastjóri Eiðaskóla hefur á hendi reikningshald sjóðsins, sem geyma skal á öruggum stað, þar sem hann nýtur beztu vaxtakjara. Birta skal reikning sjóðsins í skólaskýrslu.

8. gr.

Sjóðsstjórnin skal halda gerðabók og skulu í hana innfærðar ákvarðanir hennar svo og greinargerð fyrir þeim.

9. gr.

Verði því við komið, skulu viðurkenningar úr sjóðnum afhentar við skólasetningu ár hvert.

10. gr.

Merkið, allt eða hluta þess, má ekki nota til skreytingar eða munsturgerðar, nema leyfi sjóðsstjórnar komi til.

11. gr.

Verði Eiðaskóli í núverandi formi lagður niður, skal sjóður þessi ganga til þeirrar stofnunar á Austurlandi, sem kæmi í hans stað.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í Reykjavík, 20. október 1965.

Staddur á Eiðum 17. okt. 1965.

Sigrún Sigurþórsdóttir.

Þórarinn Þórarinsson.

REGLUGERÐ

**um gjald af nýreistum húsum í kaupstöðum og kauptúnum
til greiðslu skipulagsgjalds.**

1. gr.

Af hverri nýbyggingu, sem reist er í kaupstöðum þeim og kauptúnum, sveitaþorpum eða orkuverum, þar sem skipulagsuppdráttur hefur verið staðfestur, eða þar sem byrjað er að vinna að skipulagsgerð, skal greiða 3% í eitt sinn af brunabótavirðing hverrar húseignar.

2. gr.

Nýbygging samkvæmt 1. gr. telst hvert nýreist hús, sem virt er til brunabóta, svo og viðbyggingar við eldri hús, ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur $\frac{1}{5}$ verðs eldra hússins.